

LÉTTLYNDI MÉR TIL GAMANS TIL KRAKKANA MINNA.

1. Innra hjá mér ég nú finn
artina finu Raggi minn,
þú ert yngsti sonurinn,
en þó besti strákurinn.
2. Yngsta dóttir mín er svo sæt,
hún er pabba hreint ágæt,
og maðurinn hennar gæðapel,
gefðu karlinum lýsi í skel.
3. Þórunn dóttir þræðir vel
þráfallt veginn rétta,
hún hefir svo góða hönd,
til pabba sins að rétta.
4. Þar næst Pétur sonur sæll,
sem að mér er svo indæll,
Lætur mig hafa vínglóru,
Svo ég haldi líftóru.
5. Svo er Jón sonur sómastrá,
Sæmd er mér að honum,
Ef mér liggur eithvað á,
Allt fer það að vonum..
6. Því næst Bergur sýnist mér
sæmd og prýði bera,
hann hugsar gott og hefur kjark,
til þess, sem best má vera.
7. Stebbu er ég stoltur af,
hún stendur sig prýðilega,
hún er eins og blómhaf,
blómstrar allavega.
8. Kalli minn er karlmaður,
kann svo margt að laga,
fljótur ef að á liggur,
það af tekur бага.
9. Elías er ættaður frá
eldri Íslands sonum,
og því er hann gáfaður,
gæfan fylgi honum.
10. Óskar minn á jörð í sveit.
-- ekki má þér gleyma--
þú verður að fylgjast með,
fjörinu hénna heima.